

Miðvikudaginn 10. október 1956.

Nr. 36/1956. **Kristján Nói Kristjánsson**

og

Stefán E. Sigurðsson (Benedikt Sigurjónsson)

gegn

Helgu Björnsdóttur f. h. sjálfrar sín og barna sinna, Huldu Jónasdóttur, Ingu Hrannar Jónasdóttur, Hafþórs Jónassonar og Sigríðar Kristínar Jónasdóttur, og gagnsök

(Ragnar Jónsson).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir **Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson** og **Theodór B. Línal prófessor.**

Skaðabótamál. Um bótaskyldu eiganda bifreiðar og öku-
manns.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. febrúar 1956, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. marz 1956 og krafizt þess, að þeim verði dæmd sýkna og gagn-áfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. marz 1956, áfrýjað málinu með stefnu 19. marz 1956. Hefur hún fengið gjafvarnarleyfi fyrir Hæstarétti, dags. 19. marz 1956, og sér skipaðan talsmann. Krefst hún þess, að aðaláfrýjendum verði dæmt in solidum að greiða henni

sjálfri	kr. 313.000.00
henni f. h. dóttur hennar Huldu	— 8.500.00
f. h. dóttur hennar Ingu Hrannar	— 30.000.00
f. h. sonar hennar Hafþórs	— 34.000.00
og f. h. dóttur hennar Sigríðar Kristínar ..	— 37.000.00,

allt ásamt 6% ársvöxtum frá 29. júní 1953 til greiðsludags. Svo krefst hún og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjenda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjaf-

varnarmál, og að kveðið verði á um lögveðrétt í bifreiðinni A 86 til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Bifreiðin A 86 var eigi til afnota fyrir almenning gegn borgun, þá er slys það varð, sem í málinu greinir. Um skaðabótaskyldu bíleigandans, Kristjáns Nóa Kristjánssonar, fer því eftir almennum reglum, sbr. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 23/1941. Um skaðabótaskyldu bílstjórans, Stefáns E. Sigurðssonar, fer og eftir almennum skaðabótareglum, sbr. 3. mgr. 35. gr. sömu laga.

Leitt er í ljós með vætti vitna, að Jónas heitinn Frímansson sleppti taki á reipi því, er farþegum var ætlað að halda sér í, án þess að akstur bifreiðarinnar ylli nokkru þar um, svo sannað sé. Leiddi þetta til þess, að hann féll af bifreiðinni og hlaut bana af. Eru því eigi efni til að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda bætur vegna fjörtjóns Jónasar.

Samkvæmt þessu ber að sýkna aðaláfrýjendur af kröfum gagnáfrýjanda í málinu.

Rétt þykir, að hver aðilja beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en greiða ber úr ríkissjóði málflutningslaun skipaðs málflytjanda gagnáfrýjanda í héraði, Björns Halldórssonar héraðsdómslögmanns, kr. 6000.00, og málflutningslaun skipaðs málflytjanda gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6000.00.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjendur, Kristján Nói Kristjánsson og Stefán Sigurðsson, eiga í máli þessu að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Helgu Björnsdóttur f. h. sjálfrar sín og barna sinna, Huldu Jónasdóttur, Ingu Hrannar Jónasdóttur, Hafþórs Jónassonar og Sigríðar Kristínar Jónasdóttur.

Hver aðilja ber sinn kostnað af sökinni bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en málflutningslaun skipaðs málflytjanda gagnáfrýjanda í héraði, Björns Halldórssonar héraðsdómslögmanns, kr. 6000.00, og málflutningslaun

skipaðs málflytjanda gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Akureyrar 3. nóvember 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var föstudaginn 22. október s.l., hefur stefnandi, Helga Björnsdóttir, Lundargötu 11, Akureyri, höfðað hér fyrir bæjarþinginu vegna sín og ólögráða barna sinna, Huldu Jónasdóttur, Ingu Hrannar Jónasdóttur, Hafþórs Jónassonar og Sigríðar Kristínar Jónasdóttur, með stefnu, út gefinni 30. desember s.l., á hendur þeim Kristjáni Nóa Kristjánssyni skipasmíðameistara, Akureyri, og Stefáni E. Sigurðssyni útvarpsvirkja, Akureyri, og gerir þær kröfur, að þeir verði in solidum dæmdir til að greiða fébætur fyrir missi framfæranda og röskun á stöðu og högum, að fjárhæð kr. 422.500.00, vegna andláts Jónasar Frímannssonar iðnverkamanns, sem fórst af slysförum 27. júní 1953. Hún krefst og 6% ársvaxta frá 29. júní 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Þá krefst stefnandi sér til handa og börnum sínum tildæmdan lögveðrétt í bifreiðinni A 86.

Af hálfu stefndu er krafizt sýknu og málskostnaðar.

Til vara er krafizt, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð og upphæðinni síðan skipt, miðað við þann þátt, sem Jónas heitinn Frímannsson átti í slysinu, og er þá jafnframt krafizt lækkunar á málskostnaði að mati dómara. Sýknukrafa af hendi Stefáns E. Sigurðssonar er byggð á aðildarskort.

Stefnandi gerir þannig grein fyrir máli sínu:

Laugardaginn 27. júní 1953 að kvöldi varð það slys á þjóðvegnum skammt frá Hvammi í Arnarneshreppi, að eiginmaður stefnanda, Jónas Frímannsson, og faðir barnanna, Huldu, Ingu Hrannar, Hafþórs og Sigríðar Kristínar, féll af palli vörubifreiðarinnar A 86 og beið bana af. Bifreiðin var eign stefnda Kristjáns Nóa Kristjánssonar, en ökumaður hennar var stefndi Stefán E. Sigurðsson.

Telur stefnandi, að slys þetta hafi orsakazt af ófullnægjandi útbúnaði bifreiðarinnar og vangæzlu í akstri. Eigandi bifreiðarinnar og ökumaður séu því samkvæmt lögum og almennum reglum bótaskyldir fyrir tjóni því og miska, er stefnandi og börn hennar biðu við fráfall Jónasar Frímannssonar. Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að Jónas heitinn hafi sjálfur átt sök á

slysinu, en hvorki sé þar um að kenna útbúnaði bifreiðarinnar né ógætilegum akstri.

Slys það, er leiddi Jónas heitinn Frímansson til bana, bar að, með þeim hætti, sem nú skal greina.

Laugardaginn 27. júní 1953, síðari hluta dags, er stefndi Kristján Nói Kristjánsson var um það bil að ljúka vinnu í skipasmíða-verkstæði sínu á Oddeyrartanga, var Jónas heitinn Frímansson, sem hætt hafði vinnu um hádegi þann dag, staddur hjá honum á verkstæðinu. Jónas hafði í hyggju að kaupa bát af manni úti í Vikum á Árskógsströnd, og var Kristján Nóa kunnugt um það.

Jónas orðaði nú við Kristján Nóa að lána sér bíl, er Kristján Nói átti, til þess að líta á bátinn og jafnvel sækja hann, ef af kaupum yrði.

Rétt í þessu bar þá þarna að stefnda Stefán E. Sigurðsson og Gunnar Skárphéðinsson, og stakk þá Jónas upp á því að fá Stefán til að keyra bílinn, þar sem hvorki hann né Kristján Nói höfðu ökuréttindi. Það varð svo að samkomulagi, að allir þessir fjórir færu út á Árskógsströnd þá um kvöldið.

Þegar að því kom að halda skyldi af stað, kom í ljós, að konur Kristjáns Nóa og Jónasar heitins höfðu ákveðið að slást með í förina. Ekki er ljóst af skjölum málsins, að konurnar og Gunnar Skárphéðinsson hafi átt neitt sérstakt erindi í för þessa, en Kristján Nói, sem er skipasmiður að atvinnu, hafði lofað Jónasi að líta á bátinn og vera honum til aðstoðar með ákvörðun um kaupin.

Þegar stefndi Stefán E. Sigurðsson kom að bifreiðinni um kvöldið, höfðu þeir stefndi Kristján Nói og Jónas sálugi Frímansson sett kassa á pall bifreiðarinnar fyrir fólkið, sem ekki komst í húsið, til að sitja á. Segl var breitt yfir kassann, sem var alllangur, en mjór. Kassinn var dálítið frá húsinu og reyndist vera stöðugur, því að í ljós kom, að hann haggðist aldrei í ferðinni.

Stefndi Stefán óskaði eftir til frekara öryggis, að fenginn væri kaðall, sem bundinn væri yfir pall bifreiðarinnar, sinn hvorum megin fyrir fólkið að halda sér í.

Stefndi Kristján Nói hefur skýrt svo frá, að hann og Jónas heitinn hafi hjálpað að við að koma kassanum fyrir á bílpallinum, og hafi þeir ekki talið þörf á að festa hann, sökum þess hve stöðugur hann virtist vera.

Kaðalstrengirnir þrír, er bundnir voru yfir pall bifreiðarinnar, voru fyrir framan kassann og voru hafðir það slakir, að fólkið hafði þá á hjám sér, þegar það sat á kassanum og sneri sér fram að stýrishúsinu.

Samkvæmt athugun bifreiðaeftirlitsmanns, sem kom á slystaðinn samtímis og sjúkrabifreiðin, var lengd kassans 1,25 m, breidd 0,42 m og hæð 0,50 m, en breidd á vörupalli bifreiðarinnar var 2,12 m. Vantar þannig 0,87 m á, að kassinn hafi náð yfir pall bifreiðarinnar.

Samkvæmt dómskjali nr. 8 er svo að sjá, sem kassinn hafi ekki verið alveg fyrir miðju á pallinum, heldur hafi hann verið lítið eitt hægra megin. Þó er ekki sannað, að hann hafi ekki eitthvað getað hreyfzt, frá því slysið varð og þar til ljósmyndin á dskj. nr. 8 var tekin.

Með bifreiðina, þannig útbúna, var svo lagt af stað. Stefndi Stefán E. Sigurðsson ók bifreiðinni, og var kona Jónasar heitins inni í húsinu hjá honum. Á palli bifreiðarinnar voru þau stefndi Kristján Nói, Gunnar Skarphéðinsson, Yrsa kona Kristjáns Nóa og Jónas heitinn.

Þau, sem á pallinum voru, sátu á kassanum, nema Gunnar, sem lengst af mun hafa setið á pallinum. Fólkið, sem á kassanum sat, virðist hafa snúið sér að stýrishúsinu og haldið sér í kaðlana.

Fyrst var ekið fram að Vindheimum á Þelamörk og þangað skilað hlut, sem Kristján Nói þurfti að koma þangað. Þegar komið var í nánd við Hörgá, hafði kuldi sótt að konu Kristjáns Nóa, og fór hún þá inn í húsið, en kona Jónasar heitins upp á pallinn.

Um þetta leyti segir stefndi Kristján Nói, að Jónas heitinn og kona hans hafi haft orð á því, að betra væri að snúa sér á kassanum, þannig að þau sneru baki í húsið. Var það gert, og sátu þau þannig, er slysið bar að. Jónas heitinn hægra megin, Kristján vinstra megin og í milli þeirra kona Jónasar.

Þegar þau sátu þannig, lágu kaðlarnir yfir kassann fyrir aftan þau, og héldu þau sér í þá með því að halda höndunum aftur með síðunum. Ber nú ekkert til tíðinda, fyrr en komið var út undir bæinn Hvamm. Þá varð bifreiðarstjórinn þess var, að eitthvað féll niður hægra megin við bifreiðina. Stöðvaði hann þá bifreiðina, svo fljótt sem hann mátti, og sá þá, að Jónas heitinn hafði fallið af palli bifreiðarinnar og lá á grúfu á vegarkantinum að austan. Var hann þá í djúpu meðvitundarleysi.

Jónas var svo fluttur á sjúkrahús Akureyrar, en komst aldrei til meðvitundar og lézt að morgni þess 29. júní af afleiðingum höfuðmeiðsla.

Höfðað var mál af hálfu ákærvaldsins á hendur bifreiðarstjóranum á A 86 og eiganda bifreiðarinnar. Í undirrétti voru þeir báðir sýknaðir af öllum ákærum. Máli þessu var skotið til

Hæstaréttar. Í Hæstarétti voru þeir ákærðu dæmdir í 600.00 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögum og umferðarlögunum.

Hins vegar voru þeir báðir sýknaðir af kröfu ákærvaldsins fyrir brot gegn 215. gr. almennra hegningarlaga.

Við rannsókn málsins var eftirfarandi upplýst um hraða bifreiðarinnar:

Kristján Nói hefur borið, að bifreiðarstjórinn hafi ekið rólega, og áætlað, að hraðinn hafi verið 30—35 km á klst., þegar slysið bar að.

Vitnið Gunnar Skarphéðinsson telur, að ekið hafi verið vel alla leiðina og að hraðinn hafi aldrei farið yfir 40—50 km á klst., og síðast fyrir slysið telur hann, að hraðinn hafi ekki verið yfir 40 km á klst.

Vitnið Yrza Kristjánsdóttir hefur borið, að bifreiðarstjórinn hafi ekið mjög varlega, og segir, að ekið hafi verið hægar en almennt sé hér í bænum.

Helga Björnsdóttir hefur borið í sakadómsrannsókninni, að hún geti ekki sagt um, hversu hratt hafi verið ekið, en ekki segist hún hafa haft nein óþægindi af hraðanum, en þó hafi einhvern veginn sett í sig, að töluverð ferð hafi verið á bifreiðinni.

Sjálfur hefur bifreiðarstjórinn áætlað hraðann um 30—40 km á klst. Þá er enn fremur upplýst með vætti vitna, að Jónas heitinn sleppti taki á kaðli þeim, er farþegunum var ætlað að halda sér í, hallaði sér aftur á bak og rétti upp hendina um leið. Telur stefnandi, að hann hafi ætlað að ná sér í sigarettu í brjóstvasa sínum, en í sama mund féll hann af bílnum.

Ekki verður séð af rannsókninni, að slingur kæmi á bifreiðina né að hún hossaðist við eða á slysstaðnum.

Svo sem að framan er sagt, hjálpuðust þeir stefndi Kristján Nói og Jónas heitinn að því að ganga frá búnaði á palli bifreiðarinnar. Stefndi Stefán E. Sigurðsson stuðlaði að því, að bætt var þar nokkru um, en þó ekki svo, að hann væri nægilega fullkominn, miðað við þá tölu fólks, sem á pallinum var.

Verður því að telja hann samábyrgan um búnað bifreiðarinnar og sýknukrafa af hendi hans vegna aðildarskorts því ekki tek-in til greina.

Umbúnaður á palli bifreiðarinnar fullnægir engan veginn þeim kröfum, sem gera verður til almenns öryggis farþegum, sem leyft er að ferðast með vörubifreiðum. Sérstaklega var ógætilegt að útbúa ekki einhvers konar stuðning til hliðar við fólkið, er á kassanum sat. Þá verður enn fremur að telja, að bifreiðarstjór-

inn hafi ekki sýnt nægilega aðgæzlu við aksturinn, miðað við hversu var að fólkinu búið á palli bifreiðarinnar.

Leiðir þetta til þess að leggja verður bótaábyrgð á stefndu fyrir tjóni því, er stefnandi varð fyrir við slysið. Hins vegar átti Jónas heitinn verulega sök sjálfur á slysinu með þátttöku sinni í hinum ófullnægjandi búnaði bifreiðarinnar, með því að eiga frumkvæði að því, að fólkið sneri sér við á kassanum og hafði því ekki eins góða aðstöðu til að halda sér í öryggiskaðlana, og að lokum með því að láta lausan kaðal þann, sem honum var ætlað að halda sér í. Þykja því efni til að skipta sökinni þannig, að sá aðili, sem bótaábyrgð ber á tjóni af völdum bifreiðarinnar, bæti helming þess.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Krafa Helgu Björnsdóttur, dánarbætur og bætur fyrir röskun á stöðu og högum	kr. 310.000.00
2. Krafa Huldu Jónasdóttur, bætur fyrir missi framfæranda og röskun á stöðu og högum ..	— 30.000.00
3. Krafa Ingu Hrannar Jónasdóttur fyrir missi framfæranda og röskun á stöðu og högum ..	— 30.000.00
4. Krafa Hafþórs Jónassonar, bætur fyrir missi framfæranda og röskun á stöðu og högum ..	— 34.000.00
5. Krafa Sigríðar Kristínar Jónasdóttur fyrir missi framfæranda og röskun á stöðu og högum	— 37.000.00
6. Útfararkostnaður	— 3.000.00
	<hr/>
Samtals	kr. 422.500.00

Um lið I. Tryggingarsérfræðingur hefur reiknað út með líkindatölum, hvað telja megi hæfilegar bætur til stefnanda fyrir missi fyrirvinnu og framfæranda. Reikningar hans eru byggðir á skattframtölum Jónasar heitins Frímannssonar nokkur síðustu árin.

Telur hann kröfu stefnanda vera kr. 277.019.00, en tekur fram, að sú tala sé nokkuð of há, og komi þar einkum tvennt til. Í fyrsta lagi hefði maðurinn notið að nokkru vinnu konunnar, meðan hann lifði. Við fráfall hans hafi losnað einhver starfstími hjá konunni, sem hún ef til vill hefði haft aðstöðu til að afla sér tekna.

Í öðru lagi er enginn frádráttur gerður á tekjum fyrir opinberum gjöldum. Til viðbótar ofangreindri upphæð krefst stefn-

andi kr. 32.981.00 í bætur fyrir röskun á stöðu og högum. Jónas heitinn var 37 ára, er hann lézt, en kona hans 33 ára.

Með hliðsjón af mati tryggingarfræðingsins og með tilliti til þess, að dæmdar bætur verða ekki taldar stefnanda tekjur við álagningu tekjuskatts og útsvars, þykir tjón samkvæmt þessum lið stefnukröfunnar hæfilega ákveðið kr. 200.000.00, og eru þá frádregnar bætur, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt, kr. 9171.00, enda hefur engin krafa verið gerð um endurgreiðslu.

Um lið II. Tryggingarsérfræðingurinn telur lágmarksbætur Huldu Jónasdóttur vera kr. 3326.00. Er sú upphæð miðuð við meðlag það, sem feðrum óskilgetinna barna er gert að greiða með þeim til 16 ára aldurs, en Hulda var 15 ára og 46 daga, er faðir hennar lézt. Auk þess krefst stefnandi kr. 5174.00 fyrir röskun á stöðu og högum.

Samkvæmt lögum nýtur hún barnalífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins frá þeim degi, er faðir hennar lézt, til 16 ára aldurs. Gera má ráð fyrir, að hún hefði getað notið einhvers stuðnings frá föður sínum eftir 16 ára aldur, t. d. vegna skólagöngu.

Með vísun til þess og með hliðsjón af öðrum atvikum, er til greina koma, þykir fjártjón Huldu fyrir missi framfæranda og röskun á stöðu og högum hæfilega metið á kr. 5000.00.

Um III. lið. Lágmarksbætur til Ingu Hrannar Jónasdóttur telur tryggingarsérfræðingurinn vera kr. 18.960.00. Inga Hrönn var 10 ára og 73 daga, er faðir hennar lézt.

Auk þess krefst stefnandi kr. 11.040.00 fyrir röskun á stöðu og högum. Með vísun til þess, sem sagt er undir lið 2, þykja bætur til hennar hæfilega ákveðnar kr. 18.000.00.

Um IV. Lágmarksbætur til Hafþórs Jónassonar telur tryggingarfræðingurinn vera kr. 22.142.00. Hafþór var 9 ára og 11 daga, er faðir hans lézt. Auk þess hefur stefnandi krafist kr. 11.858.00 fyrir röskun á stöðu og högum. Með vísun til þess, sem sagt er undir lið 2, þykja bætur til hans hæfilega ákveðnar kr. 21.000.00.

Um V. Lágmarksbætur til Sigríðar Kristínar Jónasdóttur telur tryggingarfræðingurinn vera kr. 25.428.00. Auk þess krefst stefnandi kr. 11.592.00 fyrir röskun á stöðu og högum. Sigríður Kristín var 7 ára og 271 dags, er faðir hennar lézt. Með vísun til þess, sem sagt er undir lið 2, þykja bætur hennar hæfilega ákveðnar kr. 25.000.00.

Um VI. Þessum lið hefur ekki verið sérstaklega mótmælt, og ber því að taka hann til greina.

Málalok verða samkvæmt þessu þau, að tjón stefnanda telst

hafa numið kr. 200.000.00 + 5000.00 + 18.000.00 + 21.000.00 + 25.000.00 + 3000.00 eða samtals kr. 272.000.00. Verða stefndu dæmdir in solidum til að greiða helming þeirrar upphæðar eða kr. 136.000.00 auk 6% ársvaxta frá 30. desember 1954 og kr. 11.800.00 í málskostnað, þar af kr. 290.00 til ríkissjóðs.

Rétt þykir að viðurkenna lögveð í bifreiðinni A 86 fyrir hinum tildæmdu kröfum. Dóm þenna kvað upp Kristján Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri.

D ó m s o r ð :

Stefndu, Kristján Nói Kristjánsson og Stefán E. Sigurðsson, greiði in solidum stefnanda, Helgu Björnsdóttur, sjálfri kr. 100.000.00, henni f. h. dóttur hennar Huldu Jónasdóttur kr. 2500.00, f. h. dóttur hennar Ingu Hrannar Jónasdóttur kr. 9000.00, f. h. sonar hennar Hafþórs Jónassonar kr. 10.500.00, f. h. dóttur hennar Sigríðar Kristínar kr. 12.500.00 og kr. 1500.00 í útfararkostnað auk 6% ársvaxta af hverri fjárhæð frá 30. desember 1954 til greiðsludags og kr. 11.800.00 í málskostnað, þar af kr. 290.00 til ríkissjóðs.

Viðurkenna ber lögveð í bifreiðinni A 86 fyrir hinum tildæmdu kröfum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 12. október 1956.

Nr. 121/1956. **Haraldur Guðmundsson**

gegn

Guðmundi H. Jónssyni.

Dómendur:

hæstaréttardómaramirnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Teodór B. Línal prófessor.

Kærumál. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. f. m., er barst dóminum 26. s. m. Krefst sóknaraðili þess, að héraðsdómurinn verði felldur úr gildi og varnar-